

verkefnistjóri í 30% starf í þrjá mánuði til þess að vinna útbodsgögnin. Sveitarstjórn samþykkir allt að kr. 500.000 til verkefnisins og þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun 2015 sem mætt verði með handbæru fé. Sveitarstjóra og formanni Atvinnumálanefndar falið að ganga frá ráðningu verkefnistjóra.

#### 5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 19.03.2015

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 19. mars s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

5. liður fundargerðar; Viðhald og framkvæmdir við húsnæði Þingeyjarskóla og Krílabæjar fyrir næsta skólaár.  
Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að leikskólinn Barnaborg haldi húsnæði Viðigerðis næsta ár.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

#### 6. Fundaáætlun sveitarstjórnar – sumarfrí

Tekið til umræðu fundarplan og sumarfrí sveitarstjórnar. Tillaga lögð fram um að næstu fundir sveitarstjórnar verði 9. og 30. apríl, 7. og 21. maí, 4. og 25. júní og 2. júlí. Fyrsti fundur eftir sumarfrí verði 20. ágúst.

Samþykkt samhljóða.

#### 7. Ósk um styrk til fyrirlestrarhalds

Tekið fyrir erindi frá Helgu Sigurbjörgu Gunnarsdóttur, f.h. foreldrafélaganna í Þingeyjarskóla dags. 24. mars s.l. þar sem óskað er eftir styrk til fyrirlestrarhalds fyrir foreldra barna í Þingeyjarskóla, Krílabæ og Barnaborg um örugga tölvunotkun barna og unglinga. Kostnaður er 70 þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og óskar eftir því að foreldrafélagi Stórutjarnaskóla verði boðið að taka þátt.

#### Lagt fram til kynningar:

Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum Samstarf um skólaþjónustu – fundargerð sameiginlegs fundar frá 18.02.2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20

# gleðilega páska

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálsíðu er kr.2900.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk

Kæru lesendur og auglýsendur

Skilatími auglýsinga í Hlaupastelpunar er á þriðjudögum

kl. 15:00. 😊





## Viðtalstími sveitarstjórnarfulltrúa

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir og Ragnar Bjarnason, sveitarstjórnarfulltrúar, verða til viðtals í Þingeyjarskóla á Hafralæk  
**fimmtudaginn 9. apríl n.k. frá kl. 20:00-21:30**

Sveitarstjóri



## Vörumóttaka

verður í Goðafossmarkaði ehf  
Laugardaginn 4. apríl kl. 12:00.

Ætlum að grynna aðeins á  
vetrarvinnunni.

Vantar bæði opnar og lokaðar peysur í  
stærðunum small og medium.

Sjáumst hress

Gæðanefndin

Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er Hlíðarhús.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.*

### 3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.03.2015

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19. mars s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

1. liður fundargerðar; Svartárvirkjun í Bárðardal, aðal- og deiliskipulag.

*Sveitarstjórn samþykkir framlögð gögn með þeim breytingum sem rætt var um á fundi nefndarinnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna þau fyrir íbúum sveitarfélagsins, almenningsi og öðrum hagsmunaaðilum og leita umsagnar um þau hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

2. liður fundargerðar; Brekka Aðaldal, breyting á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar, um að fallið verði frá grenndarkynningu þar sem um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem varðar aðeins hagsmuni umsækjanda og sveitarfélagsins og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að senda Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulagsbreytingu og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

3. liður fundargerðar; Skógar í Fnjóskadal, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna færslu hitaveitulagnar.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.*

*Ragnar Bjarnason vék af fundi við afgreiðslu 1. liðar fundargerðar Skipulags- og umhverfisnefndar vegna vanhæfis.*

### 4. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 19.03.2015

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 19. mars s.l. Árni Pétur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í einum lið.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að farið verði í útboð á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu og ráðinn verði*



**Fundargerð  
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar  
26.03.2015**

**167. fundur  
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar  
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 26. mars kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson,  
Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.  
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að taka á dagskrá undir 7. lið; Ósk um styrk til fyrirlestrarhalds.

*Samþykkt samhljóða.*

**Dagskrá:**

1. Uppbygging Þeistareykjavirkjunar – kynning frá Landsvirkjun
2. Nýtt rekstrarleyfi – Hlíðarhús
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.03.2015
4. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 19.03.2015
5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 19.03.2015
6. Fundaáætlun sveitarstjórnar – sumarfrí
7. Ósk um styrk til fyrirlestrarhalds

**1. Uppbygging Þeistareykjavirkjunar – kynning frá Landsvirkjun**

Til fundarins mættu Valur Knútsson, Jóna Bjarnadóttir og Einar Erlingsson frá Landsvirkjun og gerðu grein fyrir áætluðum framkvæmdum á Þeistareykjum í sumar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við byggingu stöðvarhúss sem samanstendur af þjónustubyggingu og verkstæði ásamt tveimur vélasölum hefjist í apríl n.k. og reiknað er með að 120 til 170 manns verði við störf á svæðinu í sumar. Stefnt er að því að virkjunin hefji rekstur haustið 2017. Landsvirkjun stefnir að því að halda kynningarfund um verkefnið fyrir íbúa á næstunni.

**2. Nýtt rekstrarleyfi – Hlíðarhús**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 18. mars s.l. þar sem Aníta Þórarinsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga á Hlíðarenda í Bárðardal í

**Helgihald í  
Grenjaðarstaðarprestakalli  
um páska**



Skírdagur 2. apríl: Messa á Þóroddsstað klukkan 20:30.

Aðfaranótt páska 4. apríl: Páskavaka á Grenjaðarstað  
klukkan 23:30.

Páskadagur 5. apríl: Messa með fermingu á Einarstöðum  
klukkan 14:00.

Páskadagur 5. apríl: Hátíðamessa í Nesi klukkan 16:00.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.

## Aðalfundur FEBÞ 2015

verður haldinn í Dalakofanum  
fimmtudaginn 16. apríl kl 14.00

venjuleg aðalfundarstörf mætum mörg og hress

stjórnin

minnum á sumarferðina 10-13 júní

## Sjálfstæðismenn

Aðalfundir Sjálfstæðisfélags Suður-Þingeyinga og  
Félags Sjálfstæðiskvenna í Suður-Þingeyjarsýslu  
verða haldnir á Staðarhrauni miðvikudaginn 8. apríl,  
klukkan 20:30. Kosnir verða fulltrúar á Landsfund  
Sjálfstæðisflokksins. Gestur fundanna verður  
Guðlaugur Þ Þórðarson.

Stjórnirnar.

13. tbl.  
1. apríl  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



## Þingeyingar, ferðafólk.

Munið hina árlegu pásكاتónleika.

**Á skírdag 2. apríl kl 20:00 í Skjólbrekku.**

Flutt verður tónlist eftir Brahms, Piazzolla  
ásamt íslenskum sönglögum, ítölskum antik aríum,  
óperuaríum og dúettum.

**Á föstudaginn langa 3. apríl kl. 21:00 í**

**Reykjahlíðarkirkju.**

Tónlist eftir m.a. Mozart, Bach, Händel, Pál Ísólfsson og  
Sigvalda Kaldalóns.

### Flytjendur:

Sigrún Hjálmtýsdóttir	sópran
Laufey Sigurðardóttir	fiðla
Ellen Bridger	selló
Domenico Codispoti	píanó

Gestasöngvari er Ásgeir Böðvarsson.

Miðasala er við innganginn  
Miðaverð á aðra tónleikana kr. 2.500,  
tvennir tónleikar kr. 4.000.

Músík í Mývatnssveit.